

Fundur 21.11.2022 Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins.

Góða kvöldið, sælt veri fólkið.

*Já góða kvöldið og velkominn.*

Veit ég ekki til þess að ég hafi komið á þennan fund áður en er það býsna merkilegt að hugsa til þess að Íslendingar hafi verið frumkvöðlar á þessu sviði og samtíma maður minn hafi verið brautryðjandi á þessu sviði en hafði ég í ýmsu að snúast öðru og þótti ekki álitlegt að taka afstöðu til mála sem ekki væri hægt að vita um með vissu hvernig væru.

En átti ég þó góðan vin og kunningja sem þekkti til dr. Helga og studdi hann með ráðum og dáð og þekkti ég því kenningar hans nokkuð vel og var ég æfinlega hrifin af metnaði hans fyrir hönd íslensku þjóðarinnar og sammála um það að miklu meira byggji í þjóðinni og miklu glæsilegri og betri tímar væru í vændum en þeir sem á undan voru gegnir.

Og einnig fannst mér það mikilvægt að leita fyrirmynda til að mynda hjá stórbjóðunum um margskonar hugmyndir og menningar strauma og byggja upp svo margt sem íslenska þjóðin hafði farið á mis við sökum fátæktar og kúgunar í einokunar sambandi við hinar stærri þjóðir.

Og skilst mér að mörg af mínum verkum hafi fengið meiri viðurkenningu eftir minn dag og er það vel en hef ég ekki síður skilað af mér verki á nýjum hnetti og jafnvel gengist öðrum stefnum á hönd.

Og já það eru örlitlir hnökrar á sambandinu ég þarf að reyna að segja til mín svo það verði auðveldara að koma þessu í gegn.

*Er þetta Gestur Pálsson?*

Nei ekki alveg það kemur að þessu.

Já ég vil byrja á að fjalla um það hér í kvöld hvernig ég hef setið á stjórnusambandsfundum hér á þessum hnetti í framlífi og hvernig ég hef hlustað á fundina og samböndin og lært af þeim og er það eitt af því sem ég hef lært í starfi mínu hér í framlífi að það eru ekki alltaf dýrustu og glæsilegustu byggingarnar sem efla heiður manns heldur þær sem eru í samræmi við lífstefnuna og kærleiksstefnuna.

Og eru það mörg samböndin hér á þessum hnetti sem hafa fjallað um það að einræðis herrar á öðrum hnöttum hafi reist sér glæsilegar byggingar og hafi almúginn þurft að strita við þær en hafa þær ekki verið til eflingar líforkunnar heldur, nema síður sé.

En þó viljum við í mörgum tilfellum á þessum hnetti að byggingarnar spegli nokkurn glæsileika en það þarf að huga að öðrum þáttum einnig eins og tengslum við jarðorkuna og tengslum við hinar ýmsu orkutegundir í umhverfinu og hef ég mikið lært af fundum þeim sem ég hef setið, þar sem formenn hafa talað og fjallað um byggingarlist Guðana til forna þar sem beitt var lífgeislum og steinar látnir svífa til að byggja hús.

Er það hér sú aðferð sem við viljum helst nota en höfum hana ekki alltaf á valdi okkar og eru því einnig notuð í bland verkfæri ýmis verkfæri eins og á jörðunni gömlu og margskonar tækni sem þið þekkið vel.

En á helstefnu jörðunum eru þrælur og þess legar aðferðir og er það mjög til að minnka gæfu og gleði og orku þeirra sem þar búa.

Vildi ég einnig segja frá því hversu glaður ég var þegar ég kom hér fyrst fram á þessum hnetti og að allir mínir sjúkdómar skildu verða læknaðir og ég skyldi verða ungur á ný.

Og hef ég hér verið á sama hnettingum frá því að ég kom hér fyrst fram og annað sem hefur glatt mig mjög, að ég sem var ekki nógu opin persónuleiki hef nú eignast stærri fjölskyldu og átt í betri samskiptum við mína nánustu, móður og föður og ýmsa fjarskyldari ættingja.

Vildi ég einnig segja frá því að hús það sem einn félaga minna, það er mikilvægt að viðhalda Nýalsstefnunni á þessum hnetti og heiðra ykkar starf og heiðra starf ykkar frumkvöðla og vildi ég koma því á hreint að ég átti svo lítinn þátt í því að það hús er risið hér sem er til heiðurs einum félaga ykkar sem hér framkominn og virkur í Nýalsfélaginu á okkar hnetti eins og þið vitið.

En eru aðrir Nýalssinnar á þessum hnetti virkir og þeirra aðsetur oft notuð til sambandsfunda eins og Þorsteins frá Úlfsstöðum og aðsetur Helga Þjeturss á þessum hnetti, en er ég að tala um húsið með myndunum, Ingvars Agnarssonar, þar sem hann sjálfur var fengin til að rifja upp þær myndir og viljum við heiðra alla þá sem unnu starf sitt af heilindum og hugsjón en hlutu ekki nægilega mikið fylgi á gömlu jörðinni og höfum við reynt að bæta úr því með því að veita þeim þá viðurkenningu sem þeir áttu skilið.

Og er það hluti af því sem ég sagði áðan um að þau hús eru mikilvægust sem snúa að því að efla lífstefnuna á þessum hnetti en ekki aðeins fara eftir erlendum tískustraumum, hvað varðar byggingarlag og annan glæsileika eða tískustrauma.

Nafn mitt er Guðjón Samúelsson húsameistari.

*Blessaður, já mig grunaði það blessaður.*

Já komið þið blessuð og sæl.

Ég hef nú lokið máli mínu að mestu og vil að endingu einungis minna ykkur á að sinna kærleikanum betur og betur í ykkar lífi. Ég sem hef lært það á nýjum hnetti og vil ég gjarnan síðar segja frá því hvernig mín fyrstu ár voru á þessum hnetti og hvað undrun mín var mikil og þakklæti yfir því að vera búin að fá nýjan líkama.

Það er nú orðið langt um liðið en þær minningar eru mér í fersku minni en hygg ég að það sé rétt að hleypha öðrum að og mun ég þá reyna að koma að því síðar ef mér verður hleypt í sambandið og þykir mér þetta nóg í bili og þakka ég fyrir.

Og gleður það mig að hafa komist í sambandið, verið þið sæl.

*Vertu sæll og velkominn aftur.*

*Vertu sæll.*